



Erindisbréf stýrihóps um skipulag framkvæmda við Landspítala

Á fundi ríkisstjórnar Íslands 24. maí 2019 var samþykkt tillaga heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra um að skipa stýrihóp sem ætlað er að annast umsjón og samþættingu allra þátta skipulags framkvæmda við Landspítala. Stýrihópurinn starfar á grundvelli erindisbréfs þessa sem og meðfylgjandi lýsingar á skipulagi og stýringu framkvæmda við Landspítala.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

- Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður
- Ásta Valdimarsdóttir, heilbrigðisráðuneytinu
- Guðmundur Árnason, fjármála- og efnahagsráðuneytinu
- Páll Matthíasson, Landspítala
- Gunnar Guðni Tómasson, Landsvirkjun

Verkefnið greinist í fjóra meginþætti sem mynda ferli frá skilgreiningu á hlutverki Landspítala til fullbúinnar starfsemi í nýjum innviðum:

1. *Hlutverk, rekstur og umbætur*: Að skilgreina hlutverk Landspítala og þróun hans næstu ár og áratugi og móta þannig meginforsendur um áætlanir og umbætur í starfsemi á grundvelli heilbrigðisstefnu.
2. *Þarfagreining*: Að endurmeta þarfir fyrir húsnæði og endurskoða skipulag svæða, taka ákvarðanir um nýtingu eldri bygginga og um ráðstöfun bygginga sem ekki verða nýttar í starfsemi Landspítala.
3. *Byggingar*: Að hanna nýbyggingar og endurhanna eldri byggingar í ljósi breyttrar nýtingar, bjóða framkvæmdir út, hafa eftirlit með verklegum framkvæmdum og gera skilamat.
4. *Innleiðing*: Að vinna áætlanir um tæki og búnað og stýra flutningum í nýja innviði.

Helstu hlutverk stýrihópsins eru að:

1. Annast yfirstjórn og samhæfingu allra framangreindra þátta verkefnisins og tryggja hagkvæmt skipulag þeirra. Móta stefnu og allar meiriháttar forsendur verkefnisins.
2. Staðfesta áætlanir og tryggja að allt verkefnið lúti áherslum stjórnvalda um hlutverk Landspítala.
3. Endurmeta fyrirliggjandi áætlanir þar sem horft er til heildarskipulags, nýbygginga, nýtingar og aðlögunar eldri bygginga og rekstrar sjúkrahúss.
4. Fylgjast með verkefnum, m.a. með tilliti til samræmis fjárhagsáætlana við fjármálaáætlun og fjárlög.
5. Fylgjast með helstu áhættuþáttum verkefnisins og grípa til viðeigandi aðgerða til að draga úr áhættu.
6. Skilgreina helstu forsendur þeirra verkefna sem Nýjum Landspítala ohf. er ætlað að annast.
7. Fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi Nýs Landspítala ohf. og veita álit sitt á þeim.
8. Staðfesta áætlanir Framkvæmdasýslu ríkisins vegna vöktunar, umsagna og ráðgjafar.
9. Leggja stefnumótandi ákvarðanir fyrir heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Stýrihópurinn skal árlega setja sér verk- og fjárhagsáætlun og skal kostnaður vegna vinnu stýrihópsins greiddur af Nýja Landspítalanum ohf. af framlögum til byggingar nýs Landspítala.

Stýrihópurinn getur myndað vinnu- eða ráðgjafarhópa um einstaka verkefni eða verkþætti. Stýrihópnum er jafnframt heimilt að fela Nýjum Landspítala ohf. að vinna hvers konar verkefni sem hann telur nauðsynleg til að stýrihópurinn geti gegnt hlutverki sínu.

Skipunartími stýrihópsins er til tveggja ára.

Reykjavík, 25. ágúst 2020

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Svandís Svavarsdóttir', written over a horizontal line.

Heilbrigðisráðherra